

29. janúar 1990

125

Nr. 72

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 170/1987 um þátttöku almannatrygginga
í bifreiðakaupum fatlaðra.

1. gr.

Fjárhæðir þær, sem nefndar eru í 1. mgr. 5. gr. skulu breytast þannig:

Í tölulið 1) komi kr. 180 þús. í stað kr. 130 þús.

Í tölulið 2) komi kr. 550 þús. í stað kr. 400 þús.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 19. gr. sbr. 39. gr. stl. a) laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 74/1989.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. janúar 1990,

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

31. janúar 1990

Nr. 73

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Samvinnuháskólann.

Samband íslenskra samvinnufélaga stofnar hér með sjálfseignarstofnun um rekstur og eignir Samvinnuskólans á Bifröst og gildir um hana eftirgreind skipulagsskrá:

1. gr.

Samvinnuháskólinn er sjálfseignarstofnun. Heimili hans og varnarþing er á Bifröst í Norðurárdalshreppi.

2. gr.

Markmið Samvinnuháskólans er að efla og styrkja íslenskt atvinnulíf og samfélag sem fræðslustofnun á háskólastigi, með fræðslu og rannsóknum er einkum fjalla um samvinnufélög og fyrirtæki með einkenni samvinnurekstrar. Hann skal veita nemendum þjálfun og fræðslu til starfa við rekstur, viðskipti og stjórnun, til þátttöku og forystu í félagsstarfi, til samvinnu við aðra, sjálfsnáms og annarra hagnýtra mennta.

3. gr.

Stofnfé Samvinnuháskólans er kr. 3 756 492,54 í áhöldum, kennslutækjum, bókasafni, listmunum og öðrum eignum skólans sem áður voru eign Sambands ísl. samvinnufélaga og eignarlóð skólans á Bifröst í Norðurárdal ásamt samningsbundnum réttindum. Eigi má fara með eigur skólans eða ráðstafa þeim á annan hátt en þann er samrýmist markmiðum Samvinnuháskólans eða stuðlar að framgangi þeirra.